



Læsi allra mál – LÆM verkefnið í Breiðholti

Samstarfsverkefni Þjónustumiðstöðvar Breiðholts með
leik- og grunnskólum



Lokaskýrsla vegna styrks úr Sprotasjóði

Verkefnastjóri: Kristín Ármanns

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Hólabrekkuskóli, Læsi allra mál – samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Breiðholti með Þjónustumiðstöð Breiðholts

Nafn verkefnastjóra: Kristín Ármannsdóttir (verkefnastjóri á umsókn Guðrún Sigursteinsdóttir hefur látið af störfum)

Númer samnings og ár: UMS. 29 2017 -2018

Markmið verkefnis: Læsi allra mál, LÆM er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Breiðholti og er stýrt af Þjónustumiðstöð Breiðholts. Tilgangur verkefnisins er að efla málþroska og læsi hjá nemendum í Breiðholti. Unnið er markvisst að samfelli í námi þeirra og áhersla lögð á verkferla sem tryggja gæði námsins. Til þess að svo megi verða þarf að efla starfsfólk skólanna í faglegri vinnu, styrkja samstarf á milli skóla og skólastiga og koma á heildstæðu ferli við vinnu með málþroska og læsi.

Eitt aðalmarkmið verkefnisins er að koma á sameiginlegri læsisáætlun leik- og grunnskóla. Með því skapast samfella í læsinnámi barna skólum hverfisins. Annað markmið er að efla fræðslu til kennara í skólunum til að auka þekkingu þeirra á málþroska og læsi og gera þá hæfari til að sinna þeirri kennslu. Lögð er áhersla á að kennarar hafi vald á ýmsum leiðum í kennslunni og geti lagt mat á árangur sinn og brugðist við þegar viðunandi árangri er ekki náð.

Leiðir að markmiði: Síðastliðinn vetur hafa leik- og grunnskólar í Breiðholti unnið að sameiginlegri læsisáætlun sem byggð er á að læsisstefnum Reykjavíkur fyrir leik- og grunnskóla. Tveir starfshópar hafa unnið áætlunina, annar fyrri hönd leikskólans en hinn frá grunnskólunum. Hóparnir hafa unnið í sitt hvoru lagi en hittast af og til og skoðað framgang verksins hjá hvor öðrum. Plaggið verður að lokum sameiginleg áætlun leik- og grunnskólanna í Breiðholti í málþroska og læsi og myndar þar með samfelli í námi barns frá leikskóla til loka grunnskóla. Vinnuhóparnir eru skipaðir fulltrúum læsisteyma skólanna sem jafnframt sitja í stýrihópi LÆM verkefnisins.

Styrkur Sprotasjóðs gerði LÆM verkefninu kleift að bjóða upp á ýmis námskeið og fræðslu til kennara í Breiðholti. Boðið var upp á námskeiðið Læs í vor, réttindanámskeið í EF12 og PALS fyrir 2-7. bekk. Auk þess voru haldnir fræðslufundir fyrir leik- og grunnskólana, einn sameiginlegur og aðrir fyrir hvort skólastigið um sig. Boðið var upp á aðkeypta fræðslu en einnig voru aðilar innan hverfisins fengnir til að koma og kynna verkefni sín.

Stýrihópur LÆM og stjórnendur grunnskólanna voru sammála um að leita til Guðríðar Öddu Ragnarsdóttur og fá hana til að halda námskeið fyrir kennara í Breiðholti og styrkja þá til náms. Alls sækja 11 kennarar námskeiðið Læs í vor sem byggir á að nýta aðferðir Direct Instructions við lestrarkennslu. Örfáir kennarar í Breiðholti hafa notað þessa aðferð með mjög góðum árangri og því ákveðið að fjölga í þeim hópi kennara sem geta notað þessa aðferð. LÆM verkefnið greiðir þátttökugjald fyrir einn kennara frá hverjum skóla í hverfinu en skólastjórnendur ákváðu að greiða þátttökugjald fyrir annan og auka þar með slagkraftinn

Því það er alltaf styrkur að tveir fari saman. Einn skólinn valdi að senda 3 kennara. Námskeiðið Læs í vor hófst 8. september sl. og stendur út þessa önn.

Í læsisáætlun Breiðholts sem leik- og grunnskólar hverfisins standa að sameiginlega er lögð áhersla á að nota margvíslegar aðferðir til að auka færni nemenda í leshraða og lesskilningi og nota til þess raunprófaðar aðferðir. Ein þeirra leiða er PALS sem eflir bæði hraða og skilning sé aðferðinni rétt beitt. Margir kennarar hafa fengið réttindi til að kenna nemendum með þessari aðferð en ákveðið var að fá SÍSL til að halda sérstakt námskeið fyrir kennara í Breiðholti. Skólarnir skiptu sætum á námskeiðinu á milli sín og sendu samtals 40 kennara á námskeið í PALS fyrir 2. – 7. bekk. Einnig sóttu nokkrir kennarar í unglिंगadeilda þetta námskeið og hyggjast nýta það fyrir þá nemendur á unglिंगastigi sem þurfa enn frekari þjálfun í lestri.

Í leikskólunum í Breiðholti er áhersla lögð á að fylgjast vel með stöðu nemenda svo hægt sé að grípa strax inn ef frávik eru í málþroska nemenda. Því fara allir nemendur leikskóla í EFI 2 sem er málþroskapróf fyrir 3 – 4 ára börn. Til að svo megi vera þurfa nokkrir aðilar innan hvers leikskóla að hafa réttindi til að leggja prófið fyrir. Í mörgum leikskólum hverfisins hefur það verið vandamál hve fáir hafa réttindi á prófið og því var ákveðið að LÆM verkefnið stæði fyrir EFI 2 réttindanámskeiði þar sem hverjum leikskóla byðist að senda 1 – 2 þátttakendur á námskeið. Flestir leikskólar hverfisins nýttu sér þetta tilboð en námskeiðið fór fram 1. október sl.

Fræðslufundir fyrir læsisteymi bæði leik- og grunnskóla eru haldnir á hverri önn. Á þeim fundum er leitast við að kynna verkefni eða starfssemi sem fram fer í Breiðholtinu en einnig eru fengin utan að komandi erindi eða kynningar sem við teljum að auki þekkingu á fyrir starfsfólk skólanna í Breiðholti.

Frávik miðað við áætlun: LÆM verkefnið hugðist standa fyrir öflun gagna til að skoða og kortleggja skólaorðaforða nemenda í skólum í Breiðholti með tilliti til þess að efla hann. Sótt var um styrk til Nýsköpunarsjóðs námsmanna til að fjármagna stöðu starfsmanns sem hafið gæti söfnun gagna. Þjónustumiðstöðin fékk synjun við þessari umsókn. Forsenda gagnaöflunar var því brostin og þar með úrvinnsla hennar. Stjórn verkefnisins ákvað því að leggja aukna áherslu á aðra þætti verkefnisins og gera þeim hærra undir höfði en lagt var upp með í umsókninni.

Helstu hindranir: Staða nema úr nýsköpunarsjóði námsmanna sem afla átti gagna vegna kortlagningu skólaorðaforða fékkst ekki. Þar með var brostin forsenda fyrir öflun þeirra gagna. Því var vægi fræðsluþáttarins í verkefninu augin.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið: Það var mikill ávinningur fyrir LÆM verkefnið að fá styrk úr Sprotasjóði. Verkefnið fékk byr undir báða vængi og gerði verkefnastjórninni kleift að bjóða kennurum í Breiðholti fræðslu með það að markmiði að efla læsi í hverfinu. Nokkrar hugmyndir komu fram en tekin var ákvörðun um að bjóða upp á námskeiðið „Læs í vor“ sem er mjög umfangsmikið fyrir kennara og krefst mikils vinnuframlags af þeim á námskeiðstímanum auk þess sem kostnaður er nokkuð hár. Því taldi

verkefnastjórnin það ákjósanlegt að bjóða 5 kennurum úr Breiðholti á námskeiðið. Þegar hugmynd verkefnastjórnar um að bjóða einum kennara frá einum skóla á námskeiðið „Læs í vor“ kom til tals við skólastjórnendur vildu þeir bæta um betur og greiða fyrir annan kennara frá skólunum til að auka ávinning skólanna af þessu verkefni.

Löng bið er eftir þessu námskeiði og því kom það ekki til framkvæmdar fyrr en nú á haustönninni. Hófst í byrjun september og lýkur í lok nóvember. Þar sem skólastjórnendur bættu við framlag LÆM verkefnisins gátum við keypt námskeið sérstaklega fyrir kennara í Breiðholti og höldum það í einum skólanum í hverfinu. Við teljum að þetta fyrirkomulag auki mjög ávinning verkefnisins því samstaða hópsins gerir hann sterkari og eykur líkur á að vinnulagið festist í sessi og þau verkfæri sem kennarar fá í hendur verði notuð á markvissari hátt. Á meðan á námskeiðinu stendur þurfa kennarar í Breiðholti að vinna markvisst með ákveðna nemendur undir handleiðslu kennara námskeiðsins. Allmargir nemendur í Breiðholti sem hafa þurft að kljást við mikla erfiðleika í lestrarnámi fá hér tækifæri til að auka færni sína í læsi á meðan á námskeiðinu stendur. Þá eru ótaldir þeir nemendur sem kennarar eiga eftir að sinna þegar þeir hafa lokið námi sínu. Nokkrir kennarar á námskeiðinu hafa nú þegar (þó námskeiðinu sé ekki lokið) bætt við nemendum sem eiga við verulegan lestrarvanda að etja í tíma hjá sér svo fjöldi nemenda sem eykst sem fær þetta góða tækifæri.

Mat á verkefninu: Það er mat verkefnastjórnar að vel hafi tekist til með þetta verkefni. Mest áhersla hefur verið lögð á fræðslu til kennara og annars starfsfólks bæði leik- og grunnskólanna.

Annar þáttur í þessu verkefni sem ekki má vanmeta er að kennarar í hverfinu kynnast og ná samtali á milli skólastiganna en slík tækifæri gefst ekki oft í amstri dagsins. Það er mat okkar í verkefnastjórninni að þekking á starfi skólastiganna hafi aukist og að grunnskólakennarar geri sér betur grein fyrir starfi leikskólakennara og öfugt. Þessi þekking hefur orðið til á sameiginlegum vettvangi LÆM verkefnisins bæði á vinnufundum og á fræðslufundum þar sem ákveðin viðfangsefni eru kynnt. Við teljum þennan þátt mjög jákvæða aukaafurð verkefnisins.

Niðurstöður verkefnis: Niðurstöður verkefnisins eru án efa þær að hverfið hefur þokast nær því að gera skólagöngu nemenda í leik- og grunnskólum í Breiðholti að einni samfellu. Gæði starfsins hafa aukist með aukinni menntun og fræðslu til starfsfólks en ávinningur þess á eftir að vaxa í framtíðinni og erfitt að meta hann beint. Þó má líta til þess að Þjónustumiðstöð Breiðholts sinnir mikilli vinnu í nafni LÆM verkefnisins í leik- og grunnskólunum

Læsisstefna Breiðholts sem ætluð er leik- og grunnskólum í Breiðholti er komin það langt að farið er að vinna eftir mörgum þáttum hennar. Lokavinna við áætlunina er unnin á yfirstandandi skólaári og því kemur stefnan í heild til framkvæmda skólaárið 2019-2020.

Beinn ávinningur af LÆM í starfi með nemendum má helst finna í þeim þáttum sem tengjast beint fræðslu kennara. Allir skólar munu vinna eftir leiðum PALS á þessu skólaári í 2. – 7. bekk. Þá mun einn skóli innleiða þessi vinnubrögð á unglingastigi og setja upp í námskeiðsformi á vorönn. Í öllum grunnskólunum hafa nemendur sem staðið hafa höllum fæti í lestri fengið nýtt verkfæri í hendur í gegn um námskeiðið Læs í vor. Alls hafa 11 nemendur fengið sérstaka kennslu frá þeim kennurum sem tóku þátt í námskeiðinu en

nokkrir kennarar hafa bætt við sig nemendum eftir því sem færni þeirra eykst. Á næstu önn munu fleiri nemendur bætast í þennan hóp. Þess má geta að allir nemendur sem fengið hafa þessa þjálfun hafa bætt árangur sinn verulega.

Allir leikskólar í Breiðholti lögðu EF12 málproskapróf fyrir nemendur. Niðurstöður voru sendar til Þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem vinnur úr niðurstöðum og skilar aftur til leikskólanna. Niðurstöður Hljóm og Leiðar til læsis sem lögð er fyrir í 1. bekk eru bornar saman og tillögur að inngripum kynntar fyrir leikskólum. Markviss inngrip í þjálfun hljóðkerfisvitundar, eflingar orðaforða og stafa- hljóðaþekking er unnin í samvinnu við talmeinafræðing og sérkennsluráðgjafa ÞB í kjölfarið. Eftirfylgd er í höndum sérkennsluráðgjafa ÞB.

Áætlun á kynningu: LÆM verkefnið í heild var kynnt fyrir yfirmönnum Skóla- og frístundasviðs í desember 2017 og einnig á kynningardegi Velferðarsviðs „Þekkvél“ 23. febrúar sl. Í þeim kynningum kom vel fram að hvaða markmiðum er unnið og hvaða leiðir notaðar auk þess sem rýnt var í þær árangursmælingar sem til eru.

Læsisáætlun leik- og grunnskólanna var kynnt á sameiginlegum fræðslufundi beggja skólastiga 23. maí sl. Þá var áætlunin kynnt sérstaklega fyrir skólastjórnendum 30. maí. Á fræðslufundi bæði fyrir leik- og grunnskóla sem haldin verður 12. desember nk. mun áætlunin aftur kynnt fyrir læsisteymum skólanna. Tengiliðir skólanna í vinnuhópnum hafa svo séð um kynningu á áætluninni hver í sínum skóla. Þá voru fyrstu skref verkefnisins kynnt á ráðstefnu um læsi á vegum Miðstöðvar skólaþróunnar við Háskólann á Akureyri í september 2016. Hver skóli hefur séð um að kynna eða segja frá námskeiðum og fræðslu sem kennarar í hverjum skóla sækja.

Annað sem upplýsa þarf um: Mjög mikilvægt er að hafa í huga að LÆM verkefninu er hvergi nærri lokið. Í huga verkefnastjórnar er verkefnið komið til að vera. Sameiginleg læsisáætlun í heilu hverfi er lifandi plagg sem þarfnast stöðugar endurskoðunar og hún þarf að taka þeim breytingum sem óhjákvæmilegar eru í takt við skólastarfið. Fræðslu til læsisteyma er mikilvægt að sinna áfram sem og að bjóða kennurum upp á góða fræðslu sem snýr sérstaklega að málprosa og læsi. Eins og bent er á í styrkumsókn en sérstaða Breiðholtsins meðal annars fólgin í fjölmennningarlegri samsetningu og því verða skólarnir í hverfinu að vera sérstaklega vel í stakk búnir til að taka á móti fjölbreyttum hópi nemenda með ólíkan bakgrunn er varðar menningu og tungumál. Með öflugri kennslu í íslensku strax á máltökuskeiði gerum við nemendur með annað tungumál kleift að njóta þess sem íslenskt samfélag hefur upp á að bjóða bæði hvað varðar menntun, menningu og aðra þátttöku í samfélaginu.

Reykjavík 5. nóvember 2018.

Undirskrift verkefnastjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla